

Október

Nú er haust og blöðin falla

Lag:
Texti:

Nú er haust og blöðin falla.
Fagrir litir þeirra kalla.
Allt verður hljómkviða, uppfullt af litadýrð.
Nú öll við erum kát, svo við syngjum.

Hvert er horfið laufið

Lag: Þjóðlag frá Belgíu
Texti: Herdís Egilsdóttir

Hvert er horfið laufið sem var grænt í gær?
Þótt ég um það spyrji, verð ég engu nær.
Blöðin grænu hafa fölnað, orðin gul og rauð.
Ef ég horfi mikið lengur verður hríslan auð.

Nú er ís á vatni sem var autt í gær.
Yfir landið hélugráum ljóma slær.
Ég brýt heilann um það, segðu mér, hvað heldur þú?
Kemur haustið fyrst á morgun, er það komið nú?

Nú er grettin jörðin, eins og gamalt skar.
Sjást nú gráar hærur þar sem grasið var.
Yfir fyrrum gróna bala liggja frosin spor.
Ég verð kuldatið að þola þar til kemur vor.

Hljóðnar nú haustblær

Lag: Úkraínskt þjóðlag.

Texti: Sigríður I. Þorgeirsdóttir

Hljóðnar nú haustblær húsið við rótt.

Dvelur við dyrnar drungaleg nótt.

Fljúga þá fuglar flestir sinn veg,

kvakandi kvíðnir – kvöldljóðin treg.

Svífur burt sumar sólar í lönd,

kveður létt kossi klettótta strönd,

ljósu frá landi leysir sitt band,

byltist þung bára – bláan við sand.

Breiðir svo húmið hljóðlátan væng,

milt eins og móðir mjúkri hjá sæng.

Fjúka um foldu fölnandi blóm,

hlýða á haustsins – helkaldan dóm.

Haustkoma

Lag og texti: Ólafur B. Ólafsson

Haustið, haustið komið er, klapp, klapp, klapp (x3)

Haustið komið er.

Þá falla blöðinn af trjánum...

Þá fljúga fuglar til suðurs...

Þá tinum við kartöflur úr garði...

Sumri hallar

Lag: Ókunnugur höf.
Texti: Þjóðvísa

Sumri hallar, hausta fer,
heyri snjallir ýtar,
hafa fjallahnjúkarnir
húfur mjallahvítar.

Tíminn líður

Lag:
Texti:

Visna lauf og vindur hvín,
Vetur kemur gættu þín.
Október, úlpa hlý,
Endurskin sem glittir í.



Skógarakvæði

Lag: Danskt þjóðlag
Texti: Herdís Egilsdóttir

;;Við götuna stóð hús;;
Við götuna stóð skógarahús
skó, skó, skógarahús
Við götuna stóð hús.
;;Í húsinu bjó karl.;;
í húsinu bjó skógarakarl
skó, skó, skógarakarl
í húsinu bjó karl
;; Og karlinn átti frú.;;
og karlinn átti skógarafnú
o.s. frv.
;; Og hjónin áttu son
o.s. frv.
Og sonurinn átti hund
o.s. frv.
Og hundurinn var með fló
o.s.frv.
Og flóinn var með lús
o.s.frv.
;;Nú syng ég ekki meir.;;
Nú syng ég ekki skógarameir
skó, skó, skógarameir
nú syng ég ekki meir.

Draumalandið

Lag og texti: Pollapönk

Ég á kotta, liggi-liggi-læ-ló-lí
Og bók um dodda-liggi-liggi-læ-ló-lí
Er ég les á kvöldin, liggi-liggi-læ-ló-lí
Tekur svefninn völdin, liggi-liggi-læ-ló-lí
Og í leikfangaland ég allt í einu er kominn í, hvernig stendur nú á því?

Ég á náttgalla, liggi-liggi-læ-ló-lí
Og póstin palla, liggi-liggi-læ-ló-lí
Er ég les á kvöldin, liggi-liggi-læ-ló-lí
Tekur svefninn völdin, liggi-liggi-læ-ló-lí
Og í póstbílinn ég allt í einu er kominn í, hvernig stendur nú á því?
Já í póstbílinn ég allt í einu er kominn í, hvernig stendur nú á því?

Fatavísur

Lag: Gamli Nói

Sumarfötin, sumarfötin setjum inn í skáp.
Geymum þau í vetur
og klæðum okkur betur.
Sumarfötin, sumarfötin setjum inn í skáp.

Þykku fötin, þykku fötin þykja best í snjó
Þegar út við þjótum
og karl úr snjó við mótum.
Þykku fötin, þykku fötin þykja best í snjó

Pollafötin, pollafötin puðumst við nú í.
Úti regnið bylur
stétt og steina hylur.
Pollafötin, pollafötin puðumst við nú í.

Ef að sérðu krókódíl

Lag: Jörgen Sörensen
Texti: Höf. óþekktur

Ef að sérðu krókódíl í þínu baðkeri,
vertu ekki við hann hræddur, sýndu hugrekki
og bjóddu honum inn í stofu, þar að snæðingi.

Ef að situr stærðar górilla í geymslunni,
skaltu taka því með ró, þú veist af reynslunni
að ef hún fær tvo banana hún sýnir kurteisi.

Ef að liggur stærðar ljón á þínu skrifborði,
skaltu ekki kalla á mömmu þína í ofboði,
heldur klappa því á bakið svo það steinsofni.

Bangsi minn

Lag: Anders Bøgelund
Texti: Gísli Ásgeirsson

Bangsi minn, bangsi minn
Hvar er núna bangsi minn?
Bangsi minn, bangsi minn
Bangsi komdu vinurinn,
Lalalalaa.....

Maja maríuhæna

Lag:

Texti: Baldur Kristinsson og Birte Harksen

Maja maríuhæna

fór í gönguferð væna

og rakst þar á hann Sigga Fel

sem svaf í sinni sniglaskel.

Svo kom rok og steypiregn

og Maja blotnaði í gegn.

“Kæri Siggi hleyp mér inn

Í sniglaseljakuðunginn.”

“Já, gakkt' í bæinn, Maja kær

svo þorni þínar blautu tær.

Stofan mín er þröng og mjó

en alveg laus við regn og snjó.”

Þá sátu Maja og Siggi hér

alla nótt og skemmtu sér

Þau urðu vinir eins og skot

og giftust svo um áramót !

Vikudagarnir

Lag og Texti: Soffía Vagnsdóttir

Sunnudagur og sitja saman.

Mánudagur og Mannfreð bakar.

Þriðjudagur og þvott á snúru.

Miðvikudagur og mæðir á.

Fimmtudagur og fara í heimsókn.

Föstudagur og fullt að kaupa.

Laugardagur og laga til.

1,2,3,4,5,6,7 dagar og kallast vika.